



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 1. apríl 2019

R19010399

1252

Borgarráð

Erindi Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi vegna framleiðslu á fræðsluþáttaröð um loftslagsmál

Lagt er til að borgarráð samþykki að veita Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi 1.500.000 kr. fjárframlag vegna framleiðslu á fræðsluþáttaröð um loftslagsmál. Fjárhæðin skal færast af kostnaðarstaðnum ófyrirséð, 09205. Þáttaröðin, *Hvað höfum við gert?*, fjallar um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og Parísarsamninginn um skuldbindingar í loftslagsmálum til ársins 2030. Fræðsluþættirnir eru gerðir fyrir sjónvarp og samfélagsmiðla og fer sýning þáttaraðarinnar fram á RÚV.

Almennt styrkir borgarráð ekki framleiðslu sjónvarpsþátta en í ljósi þess að í loftslagsstefnu borgarinnar til 2040 er kafli um vitundarvakningu. Talið er að markmiðum um vitundarvakningu sé best náð fram með því að styrkja Félag SP til þessara þátta sem vakið hafa mikla athygli. Þá hlaut verkefnið jafnframt styrk frá ríkisstjórninni.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Erindi frá formanni Félags Sameinuðu þjóðanna, dags. 14. ágúst 2018, um fjárstuðning og samstarf vegna framleiðslu á fræðsluþáttum um loftslagsmál.

Janfréttisskimun á tillögnum, dags. 2. apríl 2019.



Beiðni um fjárstuðning og samstarf

Sendandi: Próstur Freyr Gylfason, formaður Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.
Móttakandi: Borgarráð Reykjavíkurborgar.
Dagsetning: Mars 2019.

Efni: Fjármögnun til framleiðslu fræðsluþátta fyrir sjónvarp og samfélagsmiðla um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og Parísarsamkomulagið COP21.

Þann 24. mars 2017 samþykkti ríkisstjórnin að veita Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi styrk til framleiðslu fræðsluþátta fyrir sjónvarp og samfélagsmiðla um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og Parísarsamninginn um skuldbindingar í loftslagsmálum til ársins 2030. RÚV sýnir nú þáttaröðina. Sagafilm framleiðir þættina en þeir eru tíu talsins og um 40 mínútna langir. Umsjónarmaður er Sævar Helgi Bragason.

Í kjölfarið komu inn bakhjarlar og samstarfsaðilar í atvinnulífinu sem sýnt hafa ábyrgð á sviði samfélags- og loftslagsmála í rekstri sínum, þ.e. fyrirtæki, félög og stofnanir.


Nú óskum við eftir samstarfi við Reykjavíkurborg svo unnt sé að veita Skóla- og frístundasviði aðgengi að þáttunum til afnota fyrir nemendur, sem og rétt til notkunar á völdu efni þáttanna á samfélagsmiðlum. Jafnframt er góðfúslega óskað eftir fjárveitingu frá borgarráði að upphæð 2 milljónir króna til að styðja við framleiðsluferlið.

Þættirnir hafa fengið frábærar móttökur og hafa fengið umfjöllun víða. Sjö þættir eru við lok framleiðsluferlis og á leiðinni á skjáinn, en sýningum lýkur í maí 2019.

Við Íslendingar líkt og aðrar þjóðir heims þurfum vitundarvakningu til að taka á sameiginlegum viðfangsefnum. Verkefnið verða best leyst í samvinnu stjórn mála, atvinnulífs og samfélagsins alls. Undirritaður leggur áherslu á hve mikið kynningartækifæri fyrir málefnið felst í sjónvarpsþáttaröð í RÚV, en allt efni er jafnframt unnið með notkun á samfélagsmiðlum í huga.

Virðingarfyllst,

Próstur Freyr Gylfason
formaður Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi



„Það væri mjög *kúl* ef Ísland yrði fyrsta landið
í heiminum sem reiddi sig algerlega á endurnýjanlega orkugjafa.
Það væri geggjað að geta verið þetta land, við gætum verið fyrirmynd!
Sjáið, þetta borgar sig, þegar til lengri tíma er litið.“



OFNEYSLUSAMFÉLAGIÐ (vinnuheiti)

TÍU ÞÁTTA RÖÐ UM LOFTSLAGSMÁL

14. ÁGÚST 2018



Staðreyndirnar eru þær að það hlýnar á jörðinni ... það vex koltvísýringur í andrúmslofti sem menn hafa lengi vitað að veldur hlýnun ... jörðin er komin í þéttari og þéttari peysu þannig að hún losnar ekki við sinn eigin varma. Jörðin svitnar bara meira og meir.

OFNEYSLUSAMFÉLAGIÐ (vinnuheiti)

10 þættir, 40-45 mín / frumsýndir á RÚV í janúar 2019

Loftslagsmálin skoðuð út frá

Parísarsamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál

Heimsmarkmiðum S.P. um sjálfbæra þróun

Sérstöðu Íslands og spurningunni:

Hvað geta Íslendingar gert?

Logline

Loftslagsmál á mannamáli: Í þáttaröðinni Ofneyslusamfélaginu er útskýrt hvernig neysla í víðum skilningi nýtur þess vafasama heiðurs að vera völd að mestu loftslagsbreytingum fyrr og síðar og hverjar afleiðingar breytinganna verða fyrir lífið á jörðinni.

Ritstjórn og handrit

Þórhallur Gunnarsson, aðalframleiðandi

Tinna Jóhannsdóttir

Karólína Stefánsdóttir

Elín Hirst

Leikstjóri

Óskar Jónasson

Kvikmyndataka

Bergsteinn Björgúlfsson

Hljóð

Árni Gústafsson

Grafík

Gagarín

Klipping

Úlfur Teitur Traustason

Framleiðsluferlið

Þróun 01.06.17 til 30.09.17

Handritsgerð 01.10.17 til 31.03.18

Framleiðsla 01.03.18 til 30.09.18

Eftirvinnsla 01.10.18 til 15.01.19

Samstarfsaðilar

Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi

HB Grandi

Landsbankinn


OR

Landsvirkjun

RÚV

Ríkisstjórn Íslands

VIÐ VILJUM LAUSNIR, EKKI BÖLMÓÐ!



Umsjónarmaður

Sævar Helgi Bragason



Aðalviðmælendir

Brynhildur Davíðsdóttir, umhverfis- og auðlindafræðingur

Halldór Björnsson, haf- og veðurfræðingur

Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur

Ragna Benedikta Garðarsdóttir, sálfræðingur

Rannveig Magnúsdóttir, líffræðingur og verkefnastjóri

Dæmi um aðra viðmælendir og þátttakendur – hvorki tæmandi né endanlegur listi

Helgi Björnsson

Hrönn Ólína Jörundsdóttir

Björn Steinar Blumenstein

Vanda Helsing

Ketill Berg Magnússon

Hildigunnur Thorsteinsson

Henry Alexander Henrysson

Jón Guðmundsson

Robert Costanza

Sigrún Jónsdóttir

Hrönn Egilsdóttir

Eliza Reid

Um þáttinn

Í Ofneyslulandinu eru gróðurhúsaáhrif og hlýnun jarðar sett í samhengi við rót vandans; neyslusamfélagið. Eina leiðin til að stemma stigu við skaðlegum loftslagsbreytingum er gjörbreytt neyslumynstur allra jarðarbúa; einstaklinga, fyrirtækja og samfélaga. Breyttur hugsunarháttur mun jafnframt stuðla að sjálfbærni og draga úr ójöfnuði í heiminum. Í þáttaröðinni verður skoðað hvernig gróðurhúsaáhrif snerta allt líf á jörðu, hafið, jöklana, líf á landi, samfélög, fyrirtæki og hagfræði hlutanna og bent á leiðir til úrbóta.

Rannsókn

Rætt hefur verið við fjölda sérfræðinga á ýmsum sviðum; innan stjórnsýslunnar, úr viðskiptalífinu og úr háskólasamfélaginu og þau samtöl skráð og skrifuð upp. Upp úr þeim gögnum var efnisatriðum skipt niður á þætti og áherslur ákvarðaðar í hverjum þætti fyrir sig. Niðurstaða þeirra viðtala var að fimm sérfræðingar úr ýmsum áttum voru valdir til þess að vera *aðalviðmælendur* sem segja má að beri “sögupráð” hvers þáttar og seríunnar í heild uppi. Aðalviðmælendurnir eru allir starfandi sérfræðingar á sínu sviði s.s. umhverfis- og auðlindafræði, haf- og sjávarfræði, líffræði og sálfræði, með mikla rannsóknar-, kennslu- og miðlunarreynslu. *Aðrir viðmælendur* hafa minna vægi á heildina litið en fara dýpra í einstök, valin efnisatriði, inni í tilteknum þáttum.

Gerðar verðar *tilraunir* af ýmsum toga s.s.; plast í sjó og neysluvatni, sorpgreining, neyslugreining, svifryks- og aðrar mengunarmælingar, bæði í innanlandssamhengi og á heimsvísu. Fylgst verður með völdum þátttakendum gera breytingar á lífi sínu og neyslumynstri og rætt við fólk sem þegar hefur þegar gert breytingar eða kemur úr ólíku umhverfi, t.d. sökum aldurs eða uppruna og hefur aðra sýn og/eða reynslu af neyslu.

Grafísk framsetning spilar stóran þátt í uppbyggingu þáttanna; bæði myndrænar framsetningar á reiknilíkönnum um þróun lands- og loftslags á jörðinni sem og upplýsingagrafík.

Aðalumsjónarmaður er trúverðugur, ungur vísindamaður sem hefur einstaka hæfileika til miðlunar og útskýringa á flóknum hlutum. Hlutverk hans verður annars vegar að staðsetja áhorfandann í umfjöllunarefnunum og draga saman aðalatriði, og hins vegar að spyrja spurninganna sem brenna á áhorfendum, vera eins konar fulltrúi áhorfenda og tryggja að svörin sem í öllum tilfellum eru byggð á vísindum og rökum, séu á mannamáli.

Uppbygging og framsetning

Við undirbúning og rannsókn höfum við haft nokkur einkennishugtök að leiðarljósi sem gefa tóninn í allri framsetningu:

Heiðarlegt

Það er grundvallaratriði að öll rannsókn, allar upplýsingar og öll framsetning sé heiðarleg og sönn og ekki sett fram í annarlegum tilgangi eða með sértæka hagsmuni í huga.

Einfalt og skýrt

Framsetningin þarf að vera einföld og skýr, þó ekki einfeldningsleg. Mikilvægt er að setja flókin, hugmyndafræðileg hugtök fram á einfaldan hátt sem venjulegur áhorfandi getur tengt við.

Sannað

Allt sem fram kemur þarf að vera staðfest og sannað með rannsóknnum og skýrum vísunum.

Þjartsýnt

Við miðlum von og lausnum en segjum hlutina eins og þeir koma okkur fyrir sjónir með ofangreint í huga.

Samfélagið þarf að búa sér til nýja framtíðarmynd sem endar vel. Heimsmarkmið SP eru einmitt sett svona fram: Allir saman í liði, tökum höndum saman, við björgum heiminum saman.



Efnisatriði þátta

Í *inngangi* verður farið yfir þróun neyslusamfélagsins, hvernig sagan hófst og hverjar afleiðingar hennar hafa verið frá Iðnbyltingu. Í *öðrum* þætti er sjónum beint að neyslusamfélaginu eins og við þekkjum það í dag; fjallað verður um hinn svokallaða frjálssa vilja mannsins og því velt upp hvers einstaklingurinn er raunverulega megnugur. Þriðji þáttur tekur á endurvinnslu og urðun, útskýrir ferla og afleiðingar urðunar og förgunar á rusli. Í *fjórða* þætti verður fjallað um hafið, líf, mengun, strauma og breytingar á lífríki þess í breyttu hitastigi. Í *fimmta* þætti verða vötn, veður og jöklar skoðaðir; bráðnun, hringrás og veðurkerfi og áhrif breytinga þessara á mannlegt samfélag. Sjötti þáttur fjallar um líf á landi; skóga, gróður, dýralíf og náttúruna almennt og hvernig nýting lands og ræktun hefur áhrif á jörðina. Í *sjöunda* þætti verður fjallað um orku og orkugjafa, endurnýjanlega og óendurnýjanlega, muninn þar á og eðli þeirra. Áttundi þáttur fjallar um stóriðju, áhrif og afleiðingar hennar og í *níunda* þætti verður áhersla á sjálfbærni í samfélaginu og hvað það raunverulega merkir að vera sjálfbær og hver ábyrgð mannkyns er á framtíðinni. Í *lokabættinum* verður varpað upp framtíðarsýn í breyttum heimi.





10 ÞÁTTA RÖÐ UM LOFTSLAGSMÁL*

NAFN VERKEFNIS Loftslagsþáttur (vinnuheiti)
FRAMLEIDANDI Sagafilm
FYRIRTÆKI RÚV
VERKNÚMER D1705

KOSTNAÐARÁÆTLUN

<u>Liður</u>	<u>Upphæð í kr.</u>
UMSJÓN / HANDRIT	30.171.262
STOFNKOSTNAÐUR	20.583.435
UNDIRBÚNINGUR 1	7.110.153
TÖKUR 1	88.417.348
FRÁGANGUR 1	267.175
EFTIRVINNSLA	25.106.259
<u>SAMTALS:</u>	<u>171.655.632</u>
ÓVISSA 4%	6.866.225
<u>SAMTALS MEÐ ÓVISSU</u>	<u>178.521.857</u>

HEILDARKOSTNAÐUR 178.521.857 kr.

Verð á þátt 17.852.186 kr.



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsroðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	2.4.2019
Svið:	Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Unnið af:	Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi
Verkefni/tillaga:	Sjónvarpsþáttaröð um loftslagsmál
Þjónustubáttur:	Styrkur
Stofnun/kostn.st.:	Ófyrirséð 09205
Fjárhæð:	1,5 m.kr.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Framleiðsla fræðsluþátta fyrir sjónvarp og samfélagsmiðla um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og Parísarsamkomulagið COP21 um skuldbindingar í loftslagsmálum til ársins 2030. Í styrkumsókn segir að þörf sé á vitundarvakningu til að taka á sameiginlegum viðfangsefnum sem best verði leyst í samvinnu stjórn mála, atvinnulífs og samfélagsins alls. Í tillögunni felist kynningartækifæri fyrir málefnið til hagsbóta fyrir allt líf á jörðinni og breyttur hugsunarháttur muni stuðla að sjálfbærni og draga úr ójöfnuði í heiminum.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Kynjahlutföll viðmælenda í þættinum skv. styrkumsókn eru jöfn. Talað er um að rætt verði við fólk sem þegar hefur gert breytingar á lífi sínu og neyslumynstri eða kemur úr ólíku umhverfi, t.d. sökum aldurs eða uppruna, og hafi því aðra sýn eða reynslu af neyslu.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Í þáttaröðinni eru gróðurhúsaáhrif og hlýnun jarðar sett í samhengi við rót vandans; neytlusamfélagið. Eina leiðin til að stemma stigu við skaðlegum loftslagsbreytingum er gjörbreytt neytlumynstur allra jarðarbúa; einstaklinga, fyrirtækja og samfélaga. Í þáttaröðinni er skoðað hvernig gróðurhúsaáhrif snerta allt líf á jörðu, hafið, jöklana, líf á landi, samfélög, fyrirtæki og hagfræði hlutanna og bent á leiðir til úrbóta.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Loftslagsbreytingar hafa meiri áhrif á konur en karla, sér í lagi í fátækari hlutum heimsins. Konur koma hins vegar síður að stjórn málalegri ákvarðanatöku og því er mikilvægt að tryggja aðkomu þeirra að öllum stigum umræðunnar og að tryggja að kynjasjónarmið séu höfð í huga við útdeilingu fjármagns til verkefna sem eiga að draga úr gróðurhúsaáhrifum.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.